Móttökunámskeið 1 í hópfimleikum

Sunnudaginn 20. september fer fram Móttökunámskeið 1 í hópfimleikum.

Kennari á námskeiðinu er Viktor Elí Sturluson.

- Undanfari námskeiðsins er þjálfaranámskeið 1A.
- Á námskeiðinu er kennd móttökutækni í öllum helstu grunnæfingum sem framkvæmdar eru á bæði dýnu og trampólíni í hópfimleikum.
- **Nauðsynlegt er að þátttakendur mæti með 2 - 3 nemendur á námskeiðið til að sýna og æfa móttökur.**

Námskeiðinu lýkur með verklegu prófi á báðum áhöldum sem fer fram 6-8 vikum eftir námskeiðið.

- Lágmarksfjöldi á námskeiðið er 12 manns.
- Námskeiðisgjald er 15.000 kr.
- Skráning er opin í þjónustugátt FSÍ til 16. september, skráning lokar kl.23:59 þann dag.